

2.fundur Stjórn foreldrafélags grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla veturinn 2025-2026

Mættir: Óli Már, Kiddi, Elfa Hlín, Katla og Sigurveig sem ritar fundargerð. Halla Dröfn boðaði forföll, Eva boðaði ekki forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Skipulag vetrar

Stjórn skiptir verkum

Fundargerðir, birting- senda fundargerðir á ritara skólans til birtingar á vef

3. Verkefni

Myrkraball: Katla ræddi við Þórunni skólastjóra um myrkraball og það eru spurningar um hvort krakkarnir vilji halda þessu áfram þar sem eru aðrir viðburðir í gangi líka á þessum tíma. Kiddi ætlar að kanna málið við skólastjórnendur sem ætluðu að ræða málið við nemendaráð og fáum þá niðurstöður úr því máli.

Fjölskyldulundur/útikennslustofa: Kiddi upplýsti um stöðuna á því. Elvar Már Kjartansson hefur haldið utan um smíðavinnuna hvað þetta varðar. Búið að reisa grindina af húsinu nema þakið og Kiddi og Elvar ætla að taka stöðuna í vikunni með framhaldið á þessu verkefni.

Staðan er 170 þús eftir af styrknum frá Alcoa í þetta verkefni. Eftir standa líka 200 þúsund af styrknum frá Múlaþingi í þetta verkefni.

Fræðsla: Hvaða fræðslu myndum við vilja sjá? Inclution fræðsla? Netnotkun? Umræður um þarfir fyrir fræðslu, áhuga og hvað er í boði. Kiddi hefur samband við skólastjórnendur og leitar eftir því hvort sé eitthvað sérstakt sem er áhugi og þörf fyrir að fá fræðslu um í skólanum fyrir nemendur.

4. Peningur afgangss frá bláu kubba söfnun: Kom ábending um þörf fyrir að eiga þurrkskáp í skólanum til að þurrka vettlinga og slíkt á skólatíma. Kiddi hefur það í tölvupósti til skólastjórnenda að tékka á því hvort áhugi sé fyrir því að fá slíkt og nýta þá þessa peninga í það.

Fundi slitið 17:48